



Nefn um skólahúsnæði Kerhólsskóla

Fundargerð.

11. fundur nefndar um skólahúsnæði Kerhólsskóla var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 21. apríl 2026 kl. 10:00.

Fundinn sóttu:

Pétur Thomsen, formaður nefndarinnar og fulltrúi skólanefndar.

Guðrún Ása Kristleifsdóttir, deildarstjóri grunnskóla í fjarveru Sigrúnar Hreiðarsdóttur.

Sigríður Þorbjörnsdóttir, fulltrúi Kerhólsskóla.

Örvar Bjarnason, fulltrúi foreldrafélagsins.

Smári Bergmann Kolbeinsson, fulltrúi sveitarstjórnar og formaður framkvæmda- og veitunefndar.

Starfsmenn nefndarinnar:

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður framkvæmda og veitna.

Steinar Sigurjónsson, deildarstjóri framkvæmda, mannvirkja og umhverfis.

Ráðgjafar:

~~Anne Bruun Hansen, Efla – Fjarfundabúnaður.~~

María Björk Gunnarsdóttir, Efla – Fjarfundabúnaður.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Fjóla Steindóra Kristinsdóttir.

1. Ráðgjafar frá Eflu fara yfir teikningar af Kerhólsskóla / Stjórnsýsluhúsi og þeim breytingum sem liggja fyrir.

Farið yfir rýmin og hugmyndir ræddar, sérstaklega efri hæð í Stjórnsýsluhúsi sem verður fyrsti fasi verkefnis. Teikningar langt komnar ásamt brunahönnun. Ráðgjafar ætla að vinna teikningar áfram út frá umræðum á fundinum, þá sérstaklega með tilliti til minni rýma innan kennslustofa.

2. Minnisblað um þarfagreiningu

Farið yfir minnisblað um þarfagreiningu sem er búið að vinna af Eflu. Í minnisblaðinu kemur fram hvaða rými bætast við þegar breytingum er lokið og hversu marga nemendur skólinn ætti að rúma að framkvæmdum loknum.

3. Næstu skref

Ákveðið að kynna teikningu af fyrsta áfanga fyrir starfsfólki Kerhólsskóla og fá viðbrögð. Guðrúnu Ásu falið að kynna teikninguna. Í framhaldinu verði haldið áfram að vinna að fyrsta áfanga og stefnt að því að klára teikningar og útboðsgögn fyrir sumarið.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 11:10